

Fimmtudaginn 25. júní 1987.

Nr. 186/1987. **Sigtryggur Sigtryggsson**

gegn

Eiríki Ragnarssyni

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. maí 1987 sem barst Hæstarétti 3. þ.m. Hann krefst þess að lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Á það skortir að viðhlitandi grein sé gerð fyrir dómkröfum sóknaraðila í héraði. Héraðsdómari veitti honum kost á að skýra kröfurnar en því var ekki sinnt. Ber því með vísan til 116. gr., sbr. 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981 að staðfesta niðurstöðu hins kærða dóms.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 31. mars 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. mars sl., hefur Sigtryggur Sigtryggsson, nnr. 7748-1389, Löngumýri 24, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 12. janúar 1987, á hendur Eiríki Ragnarssyni, nnr. 1875-9810, Hafnarstræti 23 B, Akureyri.

Í stefnu er kröfum stefnanda lýst svo:

„Krefst stefnandi þess, að stefndi greiði bætur að upphæð kr. 121.500,00 með 32% ársvöxtum frá afsalsdegi 14.10. 1983 til 20. nóv. s.á., með 27% ársvöxtum frá 21. nóv. s.á. til 20. des. s.á., með 21,5% ársvöxtum frá 21. des. s.á. til 20. jan. 1984, með 15% ársvöxtum frá 1. jan. s.á. til 12. ág. s.á., með 17% ársvöxtum frá 13. ág. s.á. til 31. des. s.á., með 17% ársvöxtum frá 1. jan. 1985 til 10. maí s.á. og með 22% ársvöxtum frá 11. maí s.á. til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi bóta vegna húsaleigukostnaðar sem hann hafði vegna þess að hið keypta hús var óíbúðarhæft, samtals kr. 155.500,00 með 22% ársvöxtum frá 1. ágúst 1985 til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags. Stefnandi krefst og endurgreiðslu matskostnaðar kr. 8.500,00 samtals, og bóta vegna hitaveitukostnaðar á tveim stöðum kr. 20.000,00 og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Áskilur stefnandi sér rétt til að breyta vaxtakröfu sinni við meðferð málsins ef ástæða reynist til.“

Stefnandi kveður málavexti þá að hinn 6. október 1983 hafi stefnandi og stefndi gert með sér kaupsamning um húscignina nr. 79 við Hafnarstræti á Akureyri. Hafi stefndi lofað að selja stefnanda húsið fyrir kr. 1.200.000,00, en raunar hafi kaup þessi verið liður í frekari viðskiptum, því að stefnandi hafi látið íbúðarhúsnæði, er hann hafi átt að Hafnarstræti 23 B upp í kaupverðið. Hafi það verið metið á kr. 771.000,00. Fljótlega eftir að kaupin hafi átt sér stað hafi komið í ljós verulegir gallar á húsinu og það hafi augljóslega verið óíbúðarhæft. Komi það fram í bréfi heilbrigðisfulltrúa Akureyrarbæjar frá 30.12. 1983. Hafi í bréfi þessu verið gert ráð fyrir að unnt væri að gera húsið íbúðarhæft og í framhaldi af því hafi verið dómkvaddir matsmenn til þess að meta þær viðgerðir til peningaverðs. Hinn 3. september 1984 hafi verið dómkvaddir matsmenn til þess að meta frekari galla sem fram hafi komið á hinni seldu húseign. Stefndi hafi verið ófáanlegur til þess að bæta stefnanda tjónið og hann hafi ekki haft fjárhagslegt bolmagn eins og á stóð til þess að láta framkvæma viðgerðina fyrir eigin reikning. Hafi stefnandi því orðið að hrekjast um í leiguhúsnæði þar til honum hafi tekist að losna við húsið fyrir lítið verð nú í haust. Sé því meðal annars stefnt til greiðslu bóta vegna húsaleigukostnaðar.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing.

Framsetning á kröfum stefnanda í stefnu þykir eigi fullnægja ákvæðum 88. gr. laga 85, 1936, sbr. c-lið greinarinnar. Þá er f-lið og i-lið 88. gr. laga 85, 1936, eigi fullnægt í stefnu. Þegar af framangreindum ástæðum þykir eigi verða hjá því komist að víkja máli þessu frá dómi, ex officio.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi, ex officio.